

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kortlagningu á fjölda og högum heimilislausra í Reykjavík

Borgarstjórn samþykkir að fela velferðarsviði að hefja vinnu og undirbúning úttektar á fjölda og högum heimilislausra í Reykjavík í samræmi við fyrri úttektir (2009, 2012, 2017). Með úttektinni verði hægt að leggja mat á framvindu þeirra vinnu sem nú þegar hefur verið ráðist í af hálfu borgarinnar með það að markmiði að hægt sé að mæla árangur hennar í málaflokknum. Það verði gert til að ná betur utan um heimilislausu og tryggja þeim húsaskjól.

Greinargerð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hóf að kortleggja fjölda og kanna hagi heimilislausra í Reykjavík árið 2009. Sambærilegar úttektir voru einnig framkvæmdar á árunum 2012 og 2017. Skýrslurnar bera heitið: „Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks“ (2009, 2012 og 2017).

Borgarstjórn samþykkti stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir í október 2019. Fjöldi heimilislausra óx um 95% á milli áranna 2012 og 2017 samkvæmt útgefnum skýrslum velferðarsviðs um stöðu heimilislausra.

Í upphafi kjörtímabilsins voru málefni heimilislausra sett á dagskrá og mikið fjallað um málið innan borgarkerfisins og í samfélaginu öllu. Í kjölfarið hófst vinna við mótun nýrrar stefnu í málefnum heimilislausra. Unnið hefur verið eftir þeirri aðgerðaráætlun og markmiðum stefnunnar síðan þá. Samkvæmt tímaáætlun aðgerða og markmiða skýrslunnar hefur ýmislegt áunnist á meðan annað er í ferli. Þá hafa sumar þessara aðgerða enn ekki komið til framkvæmda.

Eitt af meginmarkmiðum stefnunnar er að öllum sem þess þurfa bjóðist að gista innanhúss. Ekki hefur verið unnt að leggja mat á hvort og hversu miklum árangri borgin hefur náð í að uppfylla þetta meginmarkmið stefnunnar. Þess vegna er nauðsynlegt að ný úttekt verði gerð hið fyrsta.

Megintilgangur nýrrar úttektar er að kalla fram yfirlit yfir núverandi stöðu heimilislausra. Þetta verði gert með það fyrir augum að öðlast betri yfirsýn yfir þá einstaklinga sem falla undir evrópsku flokkunina á heimilisleysi og húsnæðisleysi (ETHOS). Þá er mikilvægt að öðlast betri innsýn inn í félagslega stöðu þessara einstaklinga.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja brýnt að úttektin fari fram enda mikilvægt að fá yfirsýn yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað frá fyrri úttektum. Jafnframt er mikilvægt að reglulega sé lagt mat á framvindu þeirra vinnu sem ráðist hefur verið í af hálfu borgarinnar með það að markmiði að hægt sé að mæla árangur í málaflokknum. Verði niðurstaða nýrrar úttektar á þann veg að mælanlegum árangri hafi ekki verið náð er nauðsynlegt að taka stefnu borgarinnar í málaflokknum til endurskoðunar sem og þá aðgerðaráætlun sem unnið er eftir,.